

Skaftárhreppur  
Ólafur Elvar Júlíusson  
Klausturvegi  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 21.1.2022  
UST202112-211/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Kynning á vinnslutillögu - Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019 – 2031 - Heildarendurskoðun**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á kynningu á heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Í greinargerð á bls. 16 kemur fram að Skaftárhreppur hefur sjálfbærni að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku, verndar náttúruna og ætlar að vera leiðandi í umhverfismálum.

### **Umsögn á kynningartíma**

Hér veitir stofnunin umsögn varðandi vinnslutillögu á nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. *Umhverfisstofnun óskar eftir því að tilkynning um auglýsingu sbr. 31. gr. skipulagslaga sé send stofnuninni sérstaklega og áskilur stofnunin sér rétt til að veita umsögn á auglýsingartíma.*

### **Náttúruminjaskrá**

Í greinargerð í kafla 7.4 á bls. 98 er fjallað um friðlýst svæði og að mati Umhverfisstofnunar, þar sem er fjallað um almenn ákvæði, er það til fyrirmyndar.

Á bls. 19 í greinargerð er fjallað um þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá innan sveitarfélagsins. Auk þess er fjallað á um svæðin á bls. 99 og bendir stofnunin á mikilvægi þess að það sé samræmi á milli kaflanna.

Einnig vill stofnunin benda á að fjalla mætti betur um 2. mgr. 13. gr náttúruverndarlaga um hlutverk Umhverfisstofnunar sem umsagnaraðila við framkvæmdir á náttúruverndarsvæðum.

### **Lakagígar**

Á bls. 99 í greinargerð segir að Lakagígar hafi verið friðlýstir sem náttúruvætti árið 1971. Umhverfisstofnun bendir á að árið 2004 varð svæðið hluti af Skaftafellspjóðgarði og er nú í Vatnajökulspjóðgarði eftir stofnun hans árið 2008.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nú þegar kortlagt vistkerfi og jarðminjar sem undir greinina falla og hægt er að sjá útbreiðslu þeirra innan sveitarfélagsins í kortasjá NÍ.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd laganna. Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. náttúruverndar:

- a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. náttúruverndarlaga:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Á bls. 108 í greinargerð kynningartillögunnar segir að samkvæmt náttúruverndarlögum falli Eldhraunið undir 37. gr. þar sem jarðmyndanir eins og eldhraun njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Sama orðalag er notað á bls. 125 í kaflanum um umhverfisviðmið.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er verið að vitna í ákvæði eldri náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. nógildandi laga er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að kynningartillagan gerir ráð fyrir efnistöku, skógrækt og landgræðslu sem getur haft neikvæð áhrif á nútímahraun og votlendi sem falla undir greinina. Auk þess er stofnanasvæði S1 skilgreint á votlendissvæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um á nákvæman hátt í greinargerð hvaða vistkerfi og jarðminjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ákvæði laganna, að tillagan taki mið af ákvæðum greinarinnar, unninn sé þemauppdráttur sem sýnir svæðin og fjallað sé um réttaráhrif svæða sem falla undir greinina.<sup>2</sup>

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask svæða sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Umhverfisstofnun bendir á að ef skipulagstillagan gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum svæðum sem skoðuð hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu áætlunarinnar og ástæðum þess að þau urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

#### **Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)**

Í greinargerð á bls. 20 kemur fram að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í tillögunni að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og mikilvægt er að mati stofnunarinnar að tillagan rýri ekki verndargildi svæðanna. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

#### **Úrgangur**

Í greinargerð á bls 21. er vísað í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013- 2014.

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfis- og auðlindarráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis, í úrgangsmálum á Íslandi, er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsforvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs. Saman mynda þessar stefnur eina heildarstefnu í úrgangsmálum sem nefnist: *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Sú stefna kemur í stað landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Umhverfisstofnun bendir á að í stefnunni segir að unnið verði að frekari flokkun og endurvinnslu sorps. Umhverfisstofnun bendir á að réttara er að tala um úrgang í stað sorps.

## Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem þörf sé á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

## Efnistaka

### Stefnu betri nýtingu

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu, efnistaka til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.

Auk þess er mikilvægt að það komi fram stærð efnistökusvæða og hversu mikið efni er áætlað að vinna í töflu á bls. 117 – 120.

Umhverfisstofnun bendir á að náman Skriða í fjallshlíð gegnt Orustuhól (E31) er frágengin og þarna er ekki fyrirhuguð frekari efnistaka og ætti að taka út af skipulagi. Að mati Umhverfisstofnunar er þessi náma í mjög fallegu umhverfi og þarna er ekki unnt að taka efni nema því fylgi verulega neikvæð áhrif, auk þess sem þarna er líklegast ekki mikið efni að hafa.

Umhverfisstofnun bendir á að reyna ætti að sækja efni í aur eins og kostur er í stað þess að taka efni í námur í hrauni og gervigígum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram skýrari stefna varðandi opnum efnistökusvæðum sem hafa verndargildi og hugað sé að betri nýtingu á svæðunum. Auk þess ætti að fækka og haga efnistöku í Landbroti þannig að klára efnistöku á hverjum stað og ganga vel frá í stað þess að kroppa í gíga og hraun á mörgum stöðum.

## Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill benda á að í 5. gr. c. lið laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um loftslagsstefnu sveitarfélagsins í tillögunni.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð á bls. 58 er fjallað um stefnu Skaftárhrepps til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisstofnun bendir á að skilyrði um verndun votlendis eigi einnig við í samræmi við aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.<sup>3</sup>

## Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf>

nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum.

Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar.<sup>4</sup>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vandað sé til verka bæði á hálendi, m.a. við Ófærufoss, Hrossatungur (AF27) og Blágil (AF26) og á láglandi, m.a. í Landbroti og Landbrotshólum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Í greinargerð á bls. 149 segir þar sem fjallað er um verlsunarsvæðið við Hátún að svæðið er staðsett á jaðri Landbrotshóla og á svæðinu sem þegar hefur verið raskað með vega- og slóðagerð.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Loftgæði**

Umhverfisstofnun vill benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

### **Íbúðarsvæði sunnan Klaustursvegjar**

<sup>4</sup> [https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands\\_v4.pdf](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf)

Umhverfisstofnun tekur undir með sveitarfélaginu að íbúðarbyggðin sunnan Klausturvergar gæti haft áhrif á fuglalíf, en svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði<sup>5</sup>.

### **Skógræktar- og landgræðslusvæði í Bresti**

Í greinargerð kemur fram að landsvæðið undir fyrirhugað skógræktarsvæði í Bresti sé sandorpið hraun og er svæðið mjög sendið og fok af svæðinu talsvert. Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að gengi sé ekki of nærri jaðri hrauna sem fall undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

### **Hnútuverkjun**

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi Hnútuverkjun dags. 28. apríl 2021.<sup>6</sup>

### **Ný frístundabyggð í Hemrumörk**

Umhverfisstofnun bendir á að sérstæðir birkiskógar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og það er hlutverk Skógræktarinnar að skilgreina skóga sem undir greinana falla.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátægundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur

---

<sup>5</sup> <http://www.ni.is/node/16181>

<sup>6</sup> <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/A%20alskipulag%20og%20deiliskiplag%20-%20Hn%20batavirkjun%20ad%20landi%20Dalsh%20b6f%20a.pdf>